

From: skeidgnup@skeidgnup.is
Sent: Wed, 3 Sep 2025 11:36:14 +0000
To: Sýlvía Karen Heimisdóttir
Subject: FW: Ársskýrsla Náttúrufræðistofnunar - 2024

From: Náttúrufræðistofnun - NATT <natt@natt.is>
Sent: föstudagur, 15. ágúst 2025 14:24
To: Náttúrufræðistofnun - NATT <natt@natt.is>
Subject: Ársskýrsla Náttúrufræðistofnunar - 2024

Ágætu viðtakendur

Náttúrufræðistofnun hefur gefið út [ársskýrslu fyrir árið 2024](#). Þetta er fyrsta ársskýrsla sameinaðrar stofnunar og jafnframt síðasta ársskýrsla Náttúrufræðistofnunar Íslands, Landmælinga Íslands og Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn.

Í skýrslunni er farið yfir helstu verkefni ársins, sameiningarferlið og framtíðarsýn nýrrar stofnunar. Einnig er rakin saga stofnananna þriggja sem nú hafa sameinast í eina heild. Þar að auki er gefið yfirlit yfir rekstur stofnunarinnar, með upplýsingum um tekjur, gjöld og stærstu kostnaðarliði.

Árið 2024 einkenndist af fjölbreyttum rannsóknum og verkefnum á sviði náttúruvöktunar, landmælinga og kortagerðar. Mikil vinna fór í undirbúning og framkvæmd sameiningar, þar á meðal samræmingu starfshátta, samþættingu gagna og mótun nýrrar ásýndar.

Ársskýrslan er birt í vefformi sem gerir hana aðgengilega og auðvelt er að fletta á milli kafla og efnisflokka. Einnig er hægt að skoða hana í hefðbundnu pdf-formi. Skýrslan er prýdd fjölda fallegra ljósmynda sem starfsfólk stofnunarinnar hefur tekið.

[Ársskýrsla 2024](#)

Kær kveðja / Best regards



Starfsfólk Náttúrufræðistofnunar

| Staff of the Natural Science Institute of Iceland

Náttúrufræðistofnun | Natural Science Institute of Iceland

Smiðjuvöllum 28 300 Akranesi Iceland

Sími | Tel [+354 430 9000](tel:+3544309000)

www.natt.is

natt@natt.is



